

# Fréttabréf ÍRA



2. ÁRGANGUR.

4. TÖLUBLAÐ  
APRÍL 1980.

Þetta Fréttabréf verður það síðasta sem kemur út undir minni ritstjórn, að sinni a.m.k. Ég hef þegar gert grein fyrir ástæðum þess að ég hætti þessari útgáfustarfsemi og tíunda það ekki frekar.

Því er ekki að neita að þrátt fyrir margs konar basl og umstang, hefur þetta verið fádæma skemmtilegt -enda hefði ég vart enzt svo í útgáfunni annars. Margir hafa verið hjálplegir með efni og ber þar fyrst að nefna Yngva, TF3YH. Auk féлага í Í.R.A., hafa auglýsendur og aðrir styrktaraðilar borið útgáfuna fjárhagslega og það er þakkarvert.

Af hálfu stjórnar Í.R.A. hef ég ekki heyrt um nein áform varðandi framhaldið. Því er enn ítrekuð auglýsing eftir ritstjóra Fréttabréfsins og þeir sem hefðu áhuga eru hvattir til að hafa samband við mig eða ein-hvern stjórnarmanna hið fyrsta.

73 es tnx, gl.....

Kiddi  
TF3YH.



12.000.-

Nú er tíminn fyrir árgjaldið. Þér er enginn hagar í að draga greiðsluna á langinn, en félagið munar um hvern dag. Gjaldkerinn er HELGI V. KARLSSON, TF3RA (Sími: 52972). Verum skynsöm.... NÚ -en ekki núna!

Nýverið hengdi Guðjón, TF3AC, upp plagg varðandi prefixabreytingar í USSR í tilefni Ólympíuleikanna á komandi sumri. Ekki kannast ég við rit-skoðunarbrigzlin sem þar eru auglýst fyrir félögum, enda hef ég átt í ærnu erfiði við að fá menn til að birta tilkynningar og annað efni í Fréttabréfinu.

Tilkynning Guðjóns er svohljóðandi:

Þar sem mér var neitað að koma með ný- kallmerki (prefixa) í Fréttabréfi Í.R.A., vegna Ólympíuleikanna í Moskvu í sumar, (fannst of pólitískt að dómi ritstjóra), kem ég þeim á framfæri hér með.

Frá 1. janúar 1980 hafa 100 amatörstöðvar í Moskvu og 25 öðrum borgum fengið ný kallmerki (prefixa), vegna Ólympíuleikanna þar í borg í sumar.

Allar stöðvar sem byrja á UA og hafa tvo stafi eftir svæðisnúmeri, fá RZ, en þeir sem hafa þrjá, fá RK. Að öðru leyti verður það eftirfarandi: UC2 verður RZ2, UR verður RU, UB5 verður RZ5, UT5 verður RT5 og UY5 verður RY5.

Einnig verða sérstakar amatörstöðvar frá ýmsum stórborgum í Rússlandi, á meðan leikarnir standa yfir.

Frá 1. júlí til 5. ágúst sendir sérstök stöð frá Moskvu undir kallmerkinu RM30, og önnur frá borginni Tallin undir kallmerkinu RT20. Tallin er höfuðborg Estonia ríkis, sem flestir amatörar kannast við.

Frá 15. júlí til 3. ágúst. RL10 sendir frá Leningrad, RK50 frá Kiew og RM20 frá Minsk. Minsk er höfuðborg Byelorussia ríkis og búa þar um tíu milljónir.

Hvað sem öðru líður, þá er tilkynningu Guðjóns hér með komið til amatöra og hlustara. Vonandi hlýtur næsti ritstjóri Fréttabréfsins meiri náð fyrir augum Guðjóns en ég hef og þá verður varla efnisskortur í Fréttabréfinu á næstunni.....

- 73 de TF3KX.

### Fundir á næstunni:

17. apríl: Myndakvöld. Sýndar verða litskyggnur frá DXpeds til ZK, FO8 og fleiri staða. Myndir félaga úr amatörstarfseminni væri gaman að fá með.
8. maí: Kynnt verða QSL-mál og diplóm, Umsjón: TF3AC ásamt TF3CW og TF3JB.

N-, A/T-og C-próf voru haldin nýlega. Í nýliðaprófið fóru 5 og stóðust allir. Í A/T-próf fóru einnig 5, en ekki er mér kunnugt um niðurstöður. C-próf var nú haldið í fyrsta sinn. Þeir þrír sem þreyttu prófið stóðust allir, TF3UA, TF3US og TF3YH. Hér er þeim sem náðu sendar hamingjuóskir, en vonandi gengur hinum betur næst.....

Á vegum félagsins eru nú m.a. seldar morsekassettur fyrir byrjendur. Verðinu er stillt í hóf og er aðeins kr. 4.000.- pr. stk. Ýmislegt annað er á boðstólum, s.s. bílrúðumerki, borðfánar o.m.fl. Þá munu bráðlega verða fáanlegar radíódagbækur, sem TF3KB hefur hannað. Bækurnar verða í þremur litum: svart letur á hvítan, gulan og bláan pappír.

Úrklippa úr Kallbókinni 1980 hangir nú uppi í félagsheimilinu. Þar er nauðsynlegt að sé rétt skráning á öllum amatörum og kallmerkjum þeirra. Menn eru hvattir til að kynna sér þessa prentun á upplýsingatöflunni þar og leiðrétta villur og breytingar sem þar kunna að hafa orðið.

Væntanlega hefur þú heyrt AMSAT getið. Þetta eru samtök radíó-amatöra og félaga þeirra, sem vinna að gervihnattamálum amatöra. Undir þessa starfsemi falla t.d. OSCAR gervitunglin 6, 7 og 8, sem hafa borið hróður amatörstarfseminnar um víða veröld. Nýjasta áætlun AMSAT, "PHASE III", er nú að komast á loka-stig. Geimskot er fyrirhugað síðari hluta maí nk. og eftir það má vænta lengri gervihnattafjarskipta amatöra en nokkru sinni fyrr, bæði hvað varðar fjarlægðir og tímalengd. Menn geta stutt þessa áætlun fjárhagslega með því að gerast félagar í AMSAT og einnig er hægt að kaupa hlut í gervitunglinu (sólarrafhloðu) með því að senda AMSAT US\$ 10.00. Kaupandinn fær svo heimsent viðurkenningar-

skjal ásamt númeri þeirrar sólarraflöðu sem honum verður eignuð í gervitunglinu. Utanáskriftin til AMSAT er:

AMSAT,  
P.O. Box 27, Washington, D.C.  
20044 U.S.A.

---

DXCC-staðan:

TF3SV	260	TF3UA	56
TF3CW	204	TF3LJ	50
TF3YH	201	TF3BS	48
TF3SG	160	TF3GCN	44
TF5DC	150	TF3KX	40
TF3JB	149	TF5GW	30
TF3BB	140	TF3033	30
TF3035	119	TF3SO	10
TF3US	119	TF5AKU	10
TF3AC	105	TF3KCN	2
TF3HN	62	TF3AKN	1

---

---

FJÖLRITUNARSTOFA DANÍEIS HALLDÓRSSONAR hefur fjölritað Fréttabréfið á vildarkjörum og á þakkir skildar fyrir, ásamt auglýsendum og öðrum stuðningsaðilum.

---

---

FRÉTTABRÉF Í.R.A.

Útg.: Íslenzkir radióamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Bvk.

-Aðsetur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. & ábm.: Kristinn Andersen (TF3KX), Sólvallag. 59, R.

Efni sendist til: TF3KX, pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar  
fyrir næstu útgáfu.

---

